

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006 er til fyrri umræðu í borgarstjórn í dag þriðjudaginn 15. maí. Síðari umræða um ársreikninginn verður 29. maí nk. Rekstur Reykjavíkurborgar skiptist í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða Aðalsjóð, þ.e. rekstur málaflokka, Eignasjóð og Skipulagssjóð. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þeirra er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtækin eru: Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningarhöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgar-svæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs.

Rekstur

Tafla 1 Úr rekstraryfirliti og sjóðstreymisyfirliti fyrir árið 2006 - í þús. kr.

	Borgarsjóður A hluti	Samantekið A og B hluti
	2006	2006
Rekstrartekjur:		
Skatttekjur	40.507.862	40.186.763
Aðrar tekjur	9.716.254	32.892.939
Rekstrartekjur samtals:	50.224.116	73.079.701
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld	31.817.053	38.415.264
Annar rekstrarkostnaður	19.618.673	24.448.128
Afskriftir	2.237.089	8.279.529
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsgjöld og áhrif hlutdeildarféлага	(3.448.699)	1.936.780
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	1.162.004	(11.974.516)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага	(2.286.695)	(10.037.736)
Tekjuskattur	0	3.793.541
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0	1.663.264
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturféлага	0	264.428
Rekstrarniðurstaða	(2.286.695)	(4.316.503)
Veltufé frá rekstri	4.836.207	11.450.142
Nettó fjárfestingar samtals	308.806	23.676.077

Í fjárhagsáætlun ársins 2006 fyrir A-hluta var gert ráð fyrir því að niðurstaða fyrir fjármagnsliði væri neikvæð um 463.021 þús. krónur og heildarniðurstaða ársins jákvæð um 1.309.495 þús. krónur. Skv. ársreikningi er niðurstaðan A-hluta fyrir fjármagnsliði neikvæð um 3.448.699 þús. krónur og 2.286.695 eftir fjármagnsliði. Fyrir A og B hluta samtals gerði áætlun ársins 2006 ráð fyrir 3.818.533 þús. króna jákvæðri niðurstöðu fyrir fjármagnsliði og jákvæðri heildarniðurstöðu

um 1.766.514 þús. króna. Skv. ársreikningi er niðurstaða A og B hluta fyrir fjármagnsliði jákvæð um 1.936.780 þús. krónur og heildarniðurstaða er neikvæð um 4.316.503 þús. krónur.

Tekjur eru um 3,3 milljörðum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Megin skýringin er sú að sala á byggingarétti varð hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og skatttekjur eru hærri vegna fleiri greiðenda, hærri útsvarsstofns og hærri tekna af nýjum gjaldstofni fasteignaskatta. Hvað gjaldahliðina varðar þá eru rekstrargjöld A-hluta um 6,2 milljörðum hærri en áætlað var og hjá A og B hluta samtals er fráviknið 5,2 milljarðar. Skýringar á frávikum í A-hluta liggja einkum í launaliðum, vegna hærri orlofsskuldbindinga, meiri launahækkana og mikillar hækkunar á lífeyrisskuldbindingu sem rekja má til launahækkana í árlök 2005 og ársbyrjun 2006. Hærri annar rekstrarkostnaður en áætlun gerði ráð fyrir í A-hluta er einkum vegna gjaldræðs kostnaðar út af Tónlistar og ráðstefnuhúsi. Hjá B-hlutanum eru rekstrargjöld lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem nemur um 1 milljarði króna.

Frákvik í fjármangsliðum skýrist af veikari krónu í árslok en áætlað var og þar með gengistapi af erlendum lánum.

Í eftirfarandi töflu er sýnd ráðstöfun skatttekna til reksturs málaflokka í samanburði við fjárhagsáætlun.

Tafla 2 Rekstur málaflokka 2006 í samanburði við fjárhagsáætlun - í þús. kr.

	Raun 2006	Áætlun 2006	Frávik frá áætlun kr.	Frávik %
Skipulagssvið	387.544	450.652	63.108	-14%
Frankvæmdasvið	3.011.328	2.690.239	(321.089)	12%
Umhverfissvið	1.671.543	1.651.986	(19.557)	1%
Menningar- og ferðamálasvið	2.341.698	2.029.651	(312.047)	15%
Menntasvið	19.847.28 4	19.743.944	(103.340)	1%
Íþrótt- og tómstundasvið	4.264.446	4.152.493	(111.953)	3%
Velferðarsvið	6.075.944	6.340.314	264.370	-4%
Sameiginlegur kostnaður:				
Skrifstofa borgarstjórnar	187.197	187.818	621	0%
Skrifstofa borgarstjóra	166.381	168.048	1.667	-1%
Fjármálasvið	249.958	243.396	(6.562)	3%
Stjórnsýslu- og starfsmannasvið	363.516	357.183	(6.333)	2%
Þjónustu- og rekstarsvið	571.592	545.598	(25.995)	5%
Endurskoðun	43.826	50.719	6.894	-14%
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	7.096.699	2.644.000	(4.452.699)	168%
Önnur útgjöld	345.118	294.396	(50.722)	17%
Þjónustumiðstöðvar	48.733		(48.733)	
Strætó bs.	1.117.454	1.130.129	12.675	-1%
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins bs. ..	557.594	557.793	199	0%

Eignir og skuldir

Tafla 3 Helstu niðurstöðutölur efnahagsreiknings - í þús kr.

	A hluti	Samantekið A og B hluti
	31. des. 2006	31. des. 2006
Eignir:		
Fastafjármunir	76.202.096	249.346.038
Veltufjármunir	12.848.723	17.581.454
Eignir samtals:	89.050.819	266.927.492
Eigið fé og skuldir:		
Eigið fé	33.717.806	114.299.243
Hlutdeild minnihluta í dótturfélögum	0	7.537.603
Lífeyrisskuldbindingar og aðrar skuldb	37.913.299	38.683.163
Langtímaskuldir	8.155.361	85.966.631
Skammtímaskuldir	9.264.353	20.440.852
Eigið fé og skuldir samtals:	89.050.819	266.927.492

Eignir A hluta aukast úr 88,8 milljörðum í 89 milljarða eða um 0,2 milljarða króna. Skuldir A hluta lækka úr 21,1 milljarði í 17,4 milljarða eða um 3,7 milljarða en skuldbindingar aukast um 6,1 milljarð, úr 31,8 milljörðum í 37,9 milljarða.

Eignir A og B hluta nema nú 266,9 milljörðum króna og hafa vaxið um 52,5 milljarða króna á árinu 2006. Heildarskuldir A og B hluta að frátöldum skuldbindingum eru 106,4 milljarðar króna en voru 78,4 milljarðar króna í árslok 2005 og hafa því aukist um 28 milljarða króna. Skuldbindingar hækkðu um 6,3 milljarða króna á milli ára.

Veltufjárhlutfall hjá A og B hluta var 0,86 í árlok 2006 á móti 0,92 árið á undan. Hjá A hluta var hlutfallið 1,39 árið 2006 en 1,17 árið á undan.

Endurskoðun reikninga

Ytri endurskoðun hjá Reykjavíkurborg er í höndum endurskoðunarfyrtækisins Grant Thornton og aðrir endurskoðendur eru með nokkur B hluta fyrirtæki. Auk þess rekur Reykjavíkurborg sjálfstæða innri endurskoðunardeild sem hefur það að markmiði að tryggja virkni innra eftirlits, að meðferð fjármuna borgarinnar sé í samræmi við áætlanir borgaryfirvalda og að starfsemi borgarinnar sé í samræmi við lög og reglur. Einnig eru kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Reykjavík 15. maí 2006